



FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í GARÐABÆ

2. FUNDUR Á VORÖNN 2019

FIMMTUDAGINN 24. JANÚAR KL. 12:30

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 96% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Umsóknir um mat á íþróttum

Umsóknum vísað til kennslustjóra í íþróttum.

C. Önnur bréf:

Nemandi sækir um undanþágu frá stærðfræði og stærðfræðitengdum áföngum.

- Vísað til skólameistara

Nemandi sækir um undanþágu frá stærðfræði til stúdentsprófs.

- Vísað til kennslustjóra í stærðfræði til umsagnar

Nemandi sækir um undanþágu frá ensku til stúdentsprófs.

- Vísað til kennslustjóra í ensku til umsagnar

Staðfesting skólameistara á undanþágu frá stafsetningu til stúdentsprófs.

Staðfesting skólameistara á undanþágu frá stærðfræði til stúdentsprófs.

Bréf vegna breytinga á reglum varðandi langtímavottorð. **Samþykkt**

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Áfram er undirbúningur ársrátiðar í fullum gangi og mun kynning á henni fara fram á opnum fundi 13.febrúar.

Framundan er m.a. söngkeppni, Gettu betur, Morfis og skíðaferð.

3. Önnur mál

Ytri úttekt á FG fer fram á önninni og fyrirhuguð er hópvinna nemenda, kennara og annarra starfsmanna um miðjan febrúar þar sem fara mun fram umræða og ýmsir þættir skólastarfsins metnir eftir ákveðnum kvarða frá matsaðilum.

Fundinn sátu:

Anna Sigríður Brynjarsdóttir, fulltrúi kennara

Auður Sigurðardóttir, náms-og starfsráðgjafi

Dagný Hulda Broddadóttir, náms-og starfsráðgjafi

Einar Björn Þorgrímsson, fulltrúi NFFG

Guðmundur Stefán Gíslason, verkefnastjóri

Harpa Valdimarsdóttir, fulltrúi kennara

Kristín Helga Ólafsdóttir, áfangastjóri

Snjólaug E. Bjarnadóttir, aðstoðarskólameistari og fundarritari

Valdís Valdimarsdóttir, fulltrúi NFFG